

18. mars 2022
Tilv.: 2203044

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 49. mál.

Með tölvupósti, dags. 4. mars sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum (49. mál) lagt fram á 152. löggjafarþingi.

Þingsályktunartillagan var áður flutt á 149., 150. (292. mál) og 151. löggjafarþingi (184. mál) en náði ekki fram að ganga. Vísað er til fyrri umsagna Seðlabanka Íslands um tillögun, dags. 21. apríl 2020 og 10. mars 2021 (hjálagðar).

Seðlabanki Íslands áréttar sérstaklega þá skoðun sína sem lýst er í fyrri umsögnum og áður hefur verið komið á framfæri við stjórnvöld að æskilegt sé orðið að gera breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það á ekki hvað síst við um þá kafla laganna sem fjalla um hlutverk stjórna, sjálfstæði þeirra og hlutverk og hæfi stjórnarmanna auk þess sem tímabært er að endurskoða ýmsa aðra kafla laganna. Við slíka endurskoðun hlyti m.a. að verða horft til atriða sem reifuð eru í þingsályktunartillögunni og skynsamlegra yrði að gera það í samhengi við endurskoðun laganna í heild.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fskj.

1. Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 21. apríl 2020
2. Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 10. mars 2021



10. mars 2021

Tilv.: 2102218

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 184. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. febrúar 2021, óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartil-lögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 184. mál, lagt fram á 151. löggjafarþingi.

Þingsályktunartillagan var áður flutt á 149. og 150. löggjafarþingi (292. mál) en náði ekki fram að ganga. Vísað er til umsagnar Seðlabanka Íslands á síðasta þingi, dags. 21. apríl 2020 (hjálögð).

Seðlabanki Íslands hefur komið þeirri skoðun sinni á framfæri við stjórnvöld að æskilegt sé orðið að gera breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta á ekki síst við um þá kafla laganna sem fjalla um hlutverk stjórna, sjálf-stæði þeirra, hlutverk og hæfi stjórnarmanna, en auk þess er tímabært að endurskoða ýmsa aðra kafla laganna. Við slíka endurskoðun hlyti m.a. að verða horft til atriða sem reifðu eru í þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Asgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fskj. Umsögn Seðlabanka Íslands dags. 21. apríl 2020



21. apríl 2020

Tilv.: 2003102

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn vegna 292. máls, þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum.

Með tölvupósti dags. 16. mars 2020, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, sbr. 292. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) telur tilefni til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Umræddar athugasemdir snúa fyrst og fremst að takmörkunum á viðskiptaþátttöku stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skv. c. lið, og miðlægri hagsmunaskrá skv. d. lið þingsályktunartillögunnar.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ber stjórn lífeyrissjóðs að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Slíkar reglur þurfa nú þegar að vera staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. 5. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna.

Í tengslum við eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða hefur Fjármálaeftirlitið aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt skv. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Sambærileg ákvæði um miðlæga hagsmunaskrá er ekki að finna í öðrum sérlægum um fjármálastarfsemi.

Í ljósi framangreinds auk viðtækra gagnaöflunarheimilda telur Fjármálaeftirlitið ekki brýna nauðsyn á því að stofnunin haldi sérstaka skrá um hagsmuni og trúnaðarstörf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða.

Varðandi fyrirhugaðar takmarkanir á viðskiptaþátttöku framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að í 31. gr. laga nr. 129/1997 eru gerðar ríkar kröfur til hæfis stjórnarmanna og

SEÐLABANKI ÍSLANDS

framkvæmdastjóra í lífeyrissjóðum. Í því samhengi telur Fjármálaeftirlitið brýnt að nánari útfærsla takmarkana á viðskiptaþátttöku taki m.a. mið af 7. mgr. 31. gr. laganna, með þeim hætti að tryggt sé að viðkomandi aðilar búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að stofnunin kann að veita ítarlegri umsögn um tillögurnar í heild sinni, komi til þess að þær verði útfærðar nánar í frumvarpi til laga.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir

Björk Sigurgísladóttir
frkvstj. lagalegs eftirlits
og vettvangsathugana

Rannveig Jóníusdóttir
Rannveig Jóníusdóttir
frkvstj. skrifstofu bankastj.